

Titill: Réttarsálfræði

Skammstöfun: SÁLF3CR05

Námsgrein: Sálfræði

Viðfangsefni: Réttarsálfræði

Staða: Áfangi er valáfangi

Þrep: 3

Einingafjöldi: 5

Lýsing: Í þessum áfanga er fjallað um réttarsálfræði og hvernig sálfræðileg þekking er notuð innan réttarkerfisins. Nemendur kynnst helstu kenningum um afbrot og afbrotahegðun. Fjallað er um árásarhneigð, andfélagslega hegðun, áhættuþætti, yfirheyrslur og áreiðanleika minnis. Unnið er með raunveruleg sakamál til að dýpka skilning á hlutverki sálfræðinnar innan réttarkerfisins.

Áhersla er lögð á að auka þekkingu, skilning, virðingu og umburðarlyndi gagnvart einstaklingum. Þá er lögð áhersla á að auka víðsýni nemenda, rökhugsun, sjálfstæð og öguð vinnubrögð. Nemendur þjálfast í vinnslu gagna, að draga fram aðalatriði, greina dæmin og koma þeim skilningi á framfæri.

Forkröfur: SÁLF2BÍ05/SÁLF2BT05/SÁLF2BP05

Þekkingarviðmið

- undirstöðum réttarsálfræðinnar til að mynda geðsálfræði
- sögu réttarsálfræðinnar
- helstu kenningum fræðigreinarinnar
- sérkennum réttarsálfræðinnar og þeim sérstöku aðferðum sem hún beitir
- þeim grunnatriðum sem réttarsálfræðin fær frá öðrum greinum

Leikniviðmið

- vinna með helstu grunnhugtök réttarsálfræðinnar
- þekkja helstu mál réttarsálfræðinnar
- nýta fræðilegan texta á íslensku og erlendu tungumáli
- afla upplýsinga, greina þær og geta sett fram á skiljanlegu máli
- þekkja helstu kenningar og rannsóknir á áhrifaþáttum glæpahegðunar
- meta nýjar upplýsingar og fréttir á sviði réttarsálfræðinnar

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna úr rannsóknargögnum og leggja á þau mat
- sýna sjálfstæði, t.d. frumkvæði við að velja sér verkefni og vinna að þeim á ábyrgan máta
- álykta um gæði og galla þeirra heimilda sem unnið er með
- beita skapandi hugsun við lausnamiðað nám
- leggja siðferðilegt mat á þau alvarlegu mál sem nemendur vinna með
- meta eigin frammistöðu og annarra á gagnrýninn hátt
- geta tekið þátt í rökræðum um málefni sem tengjast sálfræðinni

Námsmat:

Tímapróf, ritgerð, skýrsla, verkefni, kynningar.